

## AUGLÝSING

### um breytingu á samþykktu deiliskipulagi á Völlum, Ölfusi.

*Byggingarreitir fyrir hesthús, gistihús og skógrækt.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 26. ágúst 2004 samþykkt minniháttar breytingu á samþykktu deiliskipulagi af skika lands úr jörðinni Vellir, Ölfusi, samkvæmt 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Breytingin var grenndarkynnt. Breytingin nær til 20 sinnum 20 metra stækkunar á byggingarreitnum fyrir gistihúsið, til austurs.

Breytingin við deiliskipulagið var unnin af Landform, Selfossi, dagsett 20. júlí 2004.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Við gildistöku þessa skipulags, fellur fyrra skipulagið úr gildi, dagsett 2. maí 2001.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 27. september 2004.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.